

**AUGLÝSING****um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.**

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga . . . . .	2 700
2. Fyrir tilkynningu um skráningu firma . . . . .	1 000
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði . . . . .	1 000
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélagi, samvinnufélagi eða firma (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) . . . . .	1 000
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum . . . . .	250
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar . . . . .	1 300
7. Fyrir fjármark (brennimark innfalið) . . . . .	250
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross . . . . .	150
9. Fyrir innköllun . . . . .	1 300
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund . . . . .	600
11. Fyrir ógildingarstefnu . . . . .	2 400
12. Fyrir dómsbirtingu . . . . .	2 400
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum . . . . .	800

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 120 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu, nr. 120 26. febrúar 1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1987.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**AUGLÝSING****um útlagsgjald.**

Útlagsgjald, sbr. 22. gr. útlagslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið sem hér segir:

1. Á 3. ársfjórðungi 1987:	
Fyrir full afnot	kr. 2 352
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 780
2. Á 4. ársfjórðungi 1987:	
Fyrir full afnot	kr. 2 822
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 940

*Menntamálaráðuneytið, 6. maí 1987.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*